

# INNANBÆJAR KRÓNÍKA

3 tbl. 12. árg. Starfsmannafréttir Akureyrarbæjar desember 2017

## GLEÐILEG JÓL !

Ritstjórn Krónikunnar óskar starfsmönnum Akureyrarbæjar og öllum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir árið sem er að líða.



## HVER ER MAÐURINN?



### Hver er stúlkan á myndinni?

Lesendur eru beðnir um að senda rétt svar á [kronikan@akureyri.is](mailto:kronikan@akureyri.is). Dregið verður úr réttum svörum og fær viðkomandi verðlaun frá Sundlaug Akureyrar.

Í síðustu Króniku birtist mynd af ungum Ellerti Erni, deildarstjóra íþróttadeildar. Nokkrir komu með rétt svar en nafn Sigmars Arnórssonar var dregið úr réttum lausnum og fær hann að launum 10 skipta sundkort frá Sundlaug Akureyrar.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Hlynur F. Þormóðsson

Ritnefnd: Alma Rún Ólafsdóttir, Bergljót Jónasdóttir, Hlynur F. Þormóðsson og Hjörleifur Hjálmarsson

Netfang: [kronikan@akureyri.is](mailto:kronikan@akureyri.is)



## MATARTÍMI !

Í síðasta *Matartíma* skoraði Berglind Bergvinsdóttir, grunnskólakennari í Naustaskóla, á Önnu Lilju Sævarsdóttur, aðstoðarleikskólástjóra á Tröllaborgum.



Okkur í fjölskyldunni finnst ís afar góður og lögum alltaf okkar eigin fyrir jólin. Við notum hráefni úr héraði eins mikið og við getum. Út í ísgrunninn má síðan bæta hverju sem hugurinn girnist áður en hann er frystur. Við höfum prófað alls konar súkkulaði og ávexti, piparduft, Skittles, Nóa kropp, karamellufudge ofl. Í ár getum við aftur gert uppáhalds jólaís strákanna sem er með muldum *perubríðstyskri* frá Nóa Siríus, sem nú er aftur kominn í framleiðslu.

### Heimagerður ís:

½ lítri þeyttur rjómi

6 eggjarauður

100 gr. sykur

Vanillukorn eftir smekk

Þeytið eggjarauður og sykur þar til orðið er ljóst og létt, bætið vanillukornunum út í. Blandið þeytta rjómanum varlega saman við með sleikju, þar til allt hefur blandast. Setjið í form og frystið. Ég mæli með að nota sílikonform.

Verði ykkur að góðu og gleðileg jól.

Ég skora á Inga Þór Ágústsson, forstöðumann öldrunarheimila Akureyrar, í næsta *Matartíma*.



## Nýliðafræðslan verður rafræn

Samkvæmt Mannauðsstefnu Akureyrarbæjar á allt nýtt fastráðið starfsfólk að fá nýliðafræðslu þar sem það er frætt um starfsemi og markmið Akureyrarbæjar ásamt réttindum sínum og skyldum. Markmið fræðslunnar er að nýtt starfsfólk kynnist mismunandi starfsemi hjá bænum og fái innsýn í hin ýmsu mál sem snerta starfsmenn Akureyrarbæjar, bæði beint og óbeint.

Hingað til hefur námskeiðið farið fram á vinnutíma og orðið til þess að ekki hafa allir nýliðar átt heimangengt á námskeiðið. Einnig hefur oft liðið langur tími frá því að starfsmenn hefja störf og þar til þeir sækja fræðsluna. Í þetta skipti var nýliðafræðslan send út rafrænt og er ætlunin að tryggja öllum tækifæri til að sækja fræðsluna eins fljótt og auðið er.

Nýju starfsfólki var sendur tölvupóstur með myndböndum og nú þegar hafa u.þ.b. 70 manns horft á, þegar þeim hentar og á sínum hraða. Mannauðseildin sér svo um að halda utan um hverjir hafa horft á myndböndin og fylgja eftir þessu tilraunaverkefni.

## PLÖTUSKÁPURINN

Hulda Sif Hermannsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra, skoðar *Plötuskápin* fyrir jólin og dregur fram nokkra gullmola.



**Fyrsta platan sem þú keyptir?** *Bad* með Michael Jackson.

**Besta plata sem þú átt?** Við hjónakornin eigum/geymum plötusafn tengdapabba og þar eru fjölmargir dýrgripir, t.d. Bob Dylan, Fleetwood Mac, Led Zeppelin, David Bowie og Bryan Ferry. Get ekki valið á milli.



**Lélegasta plata sem þú átt?** Plöturnar frá Samhjálp sem gefnar voru út til að styðja við góð málefni, s.s. *Vímulausa æsku* og fleira í þeim dúr. Ekkert sérlega skemmtilegar slíkar samsetningar.

**Mest spilaða platan þín?** *The Best Disco Album in the World* sem inniheldur m.a. lagið *One Way Ticket* með Eruption og *He's the Greatest Dancer* með Sister Sledge. Hún var mjög mikið á fóninum á mínum yngri árum.

**Uppáhalds jólaplatan?** *Jól* með Brother Grass.

**Besta jólagið?** *Vetrarsálmur* með Þórhildi Örvars.

**Versta jólagið?** *Jólahjól*.

**Bestu kaupin?** Safnplatan *Rás 3* frá 1983. Klassalög á þeirri plötu, t.d. *Bildudalsgrænar baunir* með Jolli og Kóla og *Take Your Time* með Jóhanni Helgasyni.

**Flottasta umslagið?** *CODA* með Led Zeppelin.



**Ljótasta umslagið?** Úff, þau eru mörg. *Eitt lag enn* með Stjórninni eldist t.d. afar illa. Safnplatan *Lífið er lag* er ekki smart.

**Besta barnaplatan?** *Píla pína*.

**Skrýtnasta platan?** Í *ræktinni* með KAN. Herbert Guðmundsson er þar í lummu stuði. Eiginmaðurinn ber fulla ábyrgð á veru þeirrar plötu í safninu.

**Vínyll, CD, eða Spotify?** Þessa dagana er það CD þar sem plötuspilaramál hafa verið í lamaðsessi undanfarið. Mesta stemningin er samt fólgin í að velja plötu á fóninn.

## HIN HLIÐIN

Tómas Björn Hauksson, starfsmaður nýframkvæmdadeildar hjá umhverfis- og mannvirkjasviði, sýnir á sér *Hina hliðina* í jólaútgáfu Krónikunnar. Tómas er fæddur í Reykjavík og er tækniþræðingur og sjókokkur. Hann byggir húsaskjól og greiðir leið bæjarbúa.



**Hvað er skemmtilegast við starfið þitt?** Fjölbreytileikinn, skemmtilegt samstarfsfólk og að fá að taka þátt í að móta og byggja eignir/ásýnd bæjarins.

**Fjölskylduhagur?** Ég er giftur Elínu Auði og saman eigum við Júlíettu lðunni, Jesper Tóa og Óliver Dýra.

**Áhugamál?** Hjólræiðar og allt sem þeim tengist með fjölskyldunni og í góðra vana hópi.

**Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin?** Pakkarnir og jólabjórinn.

**Uppáhalds jólamatur?** Nautalund með rauðvínssósu og kartöflumús.



**Besti sjónvarpsþáttur?** Seinfeld.

**Uppáhalds leikari?** Jason Alexander.

**Fallegasti staður á Íslandi?** Kjarnaskógur.

**Besta erlenda borgin?** Havana.

**Hvaða lag kemur þér í stuð?** *Par Avion* með FM Belfast.

**Uppáhalds tónlistarmaður / hljómsveit?** Radiohead.

**Besta jóla bíómyndin?** Christmas Vacation og Die Hard.

